

Heiti áfanga: ÞÝSKA 2EF05

Titill: Berlínaráfangi.

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á öllum brautum.

Undanfari: ÞÝSKA 2DD05.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Farið er yfir helstu atriði þýskrar sögu á 20. öld, með sérstaka áherslu á skiptingu Þýskalands í tvö ríki 1949 – 1990. Nemendur kynnst borginni og menningu hennar í gegnum kvikmyndir og texta. Þeir læra ennfremur um áhugaverða staði í borginni og vinna verkefni sem tengjast þeim. Unnið er með alla færniþætti, s.s. lesskilning, ritun, tal og hlustun. Í loka annar fer hópurinn í þriggja daga ferð til Berlínar og kynnist borginni af eigin raun.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Saga og menning Þýskalands með sérstaka áherslu á Berlín, orðaforði, lesskilningur, tal og hlustun, lestur texta af ýmsum toga og ritun.

Námsmat:

Ýmis verkefni sem unnin eru heima og í tímum. Ferð til Berlínar þar sem eitt verkefni er unnið. Ekkert lokapróf er í áfanganum.